

66. kirkjuþing 2024-2025

19. mál – þskj. 19a

## T I L L A G A

### að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022, með síðari breytingum.

Flm. Stefán Magnússon, Áslaug I. Kristjánsdóttir, Ólafur Gestur Rafnsson,  
Óskar Magnússon og Steindór R. Haraldsson.

#### 1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr málsl. svo hljóðandi:

Samningar kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

#### 2. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist við orðin: og ákvörðunum um þóknanir og þingfararkaup.

Við 4. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Birta skal á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar, kjarasamninga sem kjaranefnd gerir. Einnig skal birta ákvarðanir kjaranefndar um laun biskups og vígslubiskupa, ákvarðanir um aðrar greiðslur svo og upplýsingar um laun og þóknanir.

3. málsl. 5. tl. 2. gr. starfsreglnanna fellur brott.

#### 3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

#### Greinargerð.

Talið er rétt að færa starfsreglur um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar aftur í það horf að bera skuli kjarasamninga sem kjaranefnd geri undir kirkjuþing til samþykktar. Það hlýtur að teljast eðlilegt að ákvörðunarvald um slíkar skuldbindingar verði ekki framselt að fullu, heldur sé áskilnaður til öryggis um samþykki kirkjuþings sem fer með fjárstjórnarvaldið í kirkjunni og ber ábyrgð á því.

Þá er eðlilegt, með hliðsjón af 1. gr. starfsreglna um fjármál kirkjunnar, að birta á opnu vefsvæði kirkjunnar kjarasamninga og launaákvarðanir kjaranefndar. Bent er á að kjarasamningar eru almennt birtir opinberlega t.d. kjarasamningar Sameykis og aðildarfélaga BHM.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samþykkt málsins.